

Ed.

556. Frumvarp til laga

[140. mál]

um breyting á umferðarlögum, nr. 26 2. maí 1958.

(Eftir 2. umr. í Ed., 29. apríl.)

1. gr.

Í stað orðanna „hafi góða sjón og heyrn og sé nægjanlega hraustur andlega og líkamlega“ í 2. mgr. 27. gr. komi: hafi góða sjón og sé að öðru leyti nógu hraustur andlega og líkamlega.

2. gr.

1. og 2. mgr. 70. gr. orðist svo:

Eiganda skráðs, vélknúins ökutækis er skylt að kaupa í váttryggingarfélagi, sem viðurkennt er af dómsmálaráðherra, og halda við váttryggingu fyrir ökutæki sitt, sem nemi kr. 500 000.00 fyrir reiðhjól með hjálparvél, kr. 1 000 000.00 fyrir dráttarvél, kr. 1 000 000.00 fyrir bifhjól og kr. 2 000 000.00 fyrir bifreið.

Fyrir vélknúin ökutæki, er flytja mega farþega, skal váttryggingarfjárhæðin þó aldrei vera lægri en svo, að kr. 100 000.00 bætist við váttryggingarfjárhæðina fyrir hvern farþega, er ökutækið má flytja umfram tíu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. gr. koma þó til framkvæmda 1. maí 1965.